

Markmiðið með því að hvetja starfandi þroskaþjálfara til að skrifa greinar um störf sín í komandi afmælisriti Þroskaþjálfafélags Íslands 2015 er að birta sterka mynd af fjölbreytilegum starfsvettvangi þroskaþjálfara og störfum þeirra. Þroskaþjálfar eru afar mikilvæg fagstétt sem finna má á breiðum vettvangi samfélagsins og verðskuldar athygli á framlagi sínu. Með því að birta víðtæka mynd af fagstéttinni í vönduðu fagtímariti á afmælisárinu 2015 sem dreift verður víða um samfélagið, getum við vakið aukinn áhuga annara fagstétta á störfum okkar og jafnframt aukið þátttöku okkar og sýnileika í þverfaglegri-og fræðilegri umræðu.

Í kjölfar þessa erindis verður haldið örstutt námskeið um greinaskrif eina kvöldstund í október og verður í höndum Baldurs Sigurðssonar stjórnanda ritvers Menntavísindasviðs Háskóla Íslands.

Við hvetjum alla þá þroskaþjálfara sem áhuga hafa á að deila áhugaverðri reynslu úr starfi að grípa tækifærið og gefa sig fram með því að senda póst á útgáfuráð Þroskaþjálfafélags Íslands [utgafurad@gmail.com](mailto:utgafurad@gmail.com). Leita má stuðnings við skrifin hjá útgáfuráði.

Mikilvægt er að fá greinar frá sem flestum þjónustusviðum. Þá eru þeir aðilar sem hafa verið frumkvöðlar á einhverjum sviðum, hafa unnið að áhugaverðum þróunarverkefnum eða stigið út fyrir hefðbundinn ramma starfsins á einhvern hátt, sérstaklega hvattir til að láta til sín taka.

Atriði sem hvatt er til að tekið sé mið af í greinaskrifum þroskaþjálfara um störf sín:

1. Titill sé lýsandi um innihald greinar
2. Fremst sé örstutt ágríp af því sem fjallað er um í greininni.
3. Skrifað er í 1. persónu
4. Fjallað er um efnið frá faglegu sjónarhorni og ritmál vandað.
5. Fram þarf að koma góð lýsing á því starfi sem verið er að fjalla um, þeirri hugmyndafræði eða sýn sem unnið er eftir og þeim daglegu viðfangsefnum sem fengist er við. Áhersla er lögð á að dregin séu fram sérkenni starfsins, nýbreytni eða/og gildi á viðkomandi þjónustusviði, þróun þess og framtíðarsýn.
6. Hvatt er til þess að greinahöfundar fjalli um þær áskoranir sem starfinu fylgja og notagildi þekkingar þroskaþjálfara í þeim aðstæðum sem starfað er í.
7. Getur verið áhugavert/gagnlegt að taka fram með hvaða starfsstéttum er sérstaklega starfað ef það á við og bætir faglega einhverju við efni greinarinnar.
8. Mikilvægt að greinahöfundar setji fram sína persónulegu faglegu þanka og dragi saman lærdóm sinn eða niðurstöðu í lok greina.